

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 21. mars 2006.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um sívinnslu við skil skattframtala (142. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur það í sér að stefnt skuli að sívinnslu við skil skattframtala fyrirtækja og einstaklinga.

Ráðið fagnar því að fram sé komin tillaga sem miðar að því að breyta núverandi kerfi. Mikilvægt er þó að hafa í huga að slíkt ætti að verða til þess að einfalda skattskil, ekki flækja þau. Þannig væri ótækt að þetta leiddi til þess að við hver og ein skil væri jafn mikil kostnaður og umstang og nú er. Eina breytingin væri þá að ganga þyrfti þá þrautargöngu mörgum sinnum á ári, í stað einu sinni. Viðskiptaráð telur vel framkvæmanlegt að haga sívinnslu þannig að það leið ekki til meira umstangs eða meiri kostnaðar fyrir skattgreiðendur.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan verði samþykkt, með þeim fyrirvara að hún stuðli ekki að meiri kostnaði eða umstangi fyrir skattayfirvöld eða einkaaðila en nú er.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson